



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Jörfa

2021-2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat xxx deildar	16
4 Innra mat sérkennslu	25
5 Innra mat – fjöltyngd börn	26
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	27
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	28
8 Foreldrasamvinna	30
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
10 Fylgigögn	31
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	31



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra frá 2020-2021

Ráðinn var inn nýr Aðstoðarleikskólastjóri sem byrjaði í ágúst og er hún bæði með Leik- og grunnskólakennaramenntun. Það var gott að fá þessa viðbót við góða hópinn okkar í Jörfa. Haustið byrjaði hins vegar ekki eins vel í Jörfa eins og við vonuðumst til því þrír starfsmenn fóru í langtímaveikindi strax í september. Við þurftum því að ráða í þær stöður en fengum ekki inn fagfólk en vorum lánsöm með gott fólk. Sérkennslan var krefjandi í vetur en það náðist að ráða einnig í þær stöður. Þetta hafði þau áhrif að við þurftum að beita faliðunarferli í nokkur skipti. Það var ekki skemmtileg byrjun á hausti.

Aðlögun gekk síðan vel haustið 2020 og tókum við inn mörg ný börn. Við höldum áfram að hafa aldurskiptar deildar. Elsta deildin með 5 ára börnin næstelsta með 4 ára börn, Selið með 3 ára börn og yngstu deildar með eins og tveggja ára gömul börn. Biðlistinn í Jörfa er mjög langur og til að mynda náðum við ekki að taka inn öll systkini barna sem eru í Jörfa.

Covid-19 setti mikið strík í starf leikskólans sl. vetur. Allt var hólfað niður strax í nóvember og Hringekjan okkar sem við erum með tvisvar sinnum í viku, féll meira og minna niður hjá okkur og einnig sameiginlegar söngstundir sem venjulega eru á föstudögum.

Starfsfólkið stóð sig mjög vel og allir lögðust á eitt með að láta hlutina ganga og gerðu sitt besta og var nánast allt faglegt starf unnið inn á deildum.

Þrátt fyrir Covid-19 og þær hindranir sem fylgdu því þá var mikill hugur í starfsfólki og var ákveðið að taka þátt í þróunarverkefni og átti að kynna verkefnið í Hörpu í tengslum við Menntastefnuverkefnið. Allar deildir fóru á fullt og verkefnið var að búa til sögubækur í Ipad í appi sem heitir „Book Creator“. Verkefnin voru ólík og fóru eftir aldri barnanna. Deildarstjórar voru mjög áhugasamir og unnu verkefnið vel. Því miður fór það svo að við gátum ekki tekið þátt, þar sem má segja allur leikskólinn lagðist í veikindi og 23 af 28 starfsmönnum fengu Covid. Það þurfti að ráða inn nýtt fólk má segja í flestar stöður og næstu vikurnar voru erfiðar og eingöngu hægt að reka leikskólann á lágmarkspjónustu og var markmiðið að geta tekið á móti börnum og ekki hægt að hugsa mikið um faglegt starf.



Samstarf við Myndlistarskólann í Reykjavík hófst haustið 2020 og stóð til að elstu börnin myndu fara vestur í bæ með strætisvagni og sækja þar listsköpun. Það kom hins vegar í ljós að það tæki þau 40-50 mínútur að komast aðra leiðina þangað svo það var ákveðið að kennari frá skólanum kæmi til okkar og vera með kennsluna í Jörfa. Börnin fengu að kynnst ýmsum ólíkum efnivið og nýjum aðferðum og prófa sig áfram. Þetta gekk mjög vel og voru þetta 6 skipti sem kennarinn kom til okkar. Þetta var góð viðbót við listastarfið í leikskólanum.

Komandi vetur.

Það var erfitt að koma til baka eftir veikindin og mörg verkefni sem biðu okkar. Leikskólinn fór á hliðina margir starfsmenn duttu út í langan tíma og mættu til vinnu sumir meira af vilja en getu. Flestir hafa skilað sér til baka svo við sjáum fram á bjartari tíma en við erum í uppbyggingarvinnu. Við réðum inn Íþróttifræðing í 70% starf og byrjaði hann í október. Hann mun sjá um hreyfingu í Jörfa bæði utandyr og innan ásamt mörgum öðrum verkefnum. Eins og undanfarin ár verðum við áfram að vinna með Lubba og Vináttuverkefnið og fengum aftur samstarf við Myndlistarskólann í Reykjavík og fara börnin þangað eftir hádegi einu sinni í viku í sex skipti.

Einnig verðum við í samstarfi við Tónskóla Sigursveins með elstu börnin varðandi Barnamenningarhátíðar og koma börnin til með að syngja í Hörpu í apríl 2022.

Áherslupættir okkar í vetur verða: *Hreyfing/sköpun/Læsi*

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Vináttuverkefni Barnaheilla	Stjórnendur lögðu fyrir deildarstjóra og starfsmenn átta spurningar og	Deildarstjórar, allir starfsmenn.	Styrkleikar: Við erum með hópstjóra í Hringekju og unnið er markvisst með vináttuna 2x í viku. Við erum með góð verkfæri til að vinna með.



	teknir voru fyrir allir þættir. Á Fagfundi í febrúar 2021 var síðan unnið úr spurningunum og matið rætt, hvað hefði gengið vel og hvað mætti betur fara.		Vináttutaskan er mikið notuð og einnig spjöldin. Einnig er unnið mikið með Blæ bangsa bæði í tónlist og erum við að vinna með lög og texta sem tengjast vináttunni. Einnig er unnið með vináttuna í samverustundum og er Blær ávallt aðgengilegur börnunum. Okkar markmið er að tengja vináttuna inn í allt starf leikskólans. Veikleikar. Það mættu fleiri starfsmenn tileinka sér Vináttuverkefnið og vinna með það. Á hverju hausti er einhver endurnýjun á starfsfólki og það tekur tíma að koma fólki inn í verkefnið.
Einingakubbar	Stjórnendur lögðu fyrir deildarstjóra og alla starfsmenn átta spurningar og teknir voru fyrir allir þættir	Deildarstjórar, allir starfsmenn.	Unnið er með Einingakubba á öllum deildum í litlum hópum. Kennari er ávallt með á svæðinu og spyr opinna spurninga og leiðbeinir. Kemur með viðbótarefnivið fyrir eldri



	Á Fagfundi í febrúar 2021 var síðan unnið úr spurningunum og matið rætt, hvað hefði gengið vel og hvað mætti betur fara.		börnin og þegar börnin hafa byggt það sem þau voru að stefna að. Verið er að þjálfra úthald hjá yngri börnunum og þróa leikinn áfram. Teknar eru myndir af kubbastarfinu. Veikleikar. Frágangurinn gengur ekki alltaf nógu vel. Það þarf að hvetja börnin áfram til þess og gera fráganginn að leik og byggja upp samvinnu. Allir taki ábyrgð og hafi gaman af leiknum og læri í gegnum leikinn.
Læsi	Stjórnendur lögðu fyrir deildarstjóra og alla starfsmenn átta spurningar og teknir voru fyrir allir þættir Á Fagfundi í febrúar 2021 var síðan unnið úr spurningunum og matið rætt, hvað hefði gengið vel og	Deildarstjórar, allir starfsmenn	Allir Læsisþættir voru teknir fyrir Tilfinningalæsi: vinnum daglega með tilfinningar með því að spyrja þau um líðan, lesnar eru bækur um tilfinningar. Umhverfislæsi: tekið er fyrir veðrið á hverjum degi og klæðnaður, vettvangsferðir eru nýttar vel og lesnar bækur. Talnalæsi: við vinnum með ýmis form í listsköpun og Einingakubba.



	hvað mætti betur fara.	Félagslegt læsi: vináttan sem kennir þeim að lesa í tilfinningar annarra og kenna þeim hvað er rétt og rangt. Þau spegla sig í ýmsum aðstæðum. Menningarlæsi: farið er í vettvangsferðir í söfn og spjallað um ólíka menningarheima, höldum Fjölmennigardag og rætt um ólíka menningarheima. Einnig höldum við upp á gamlar hefðir, Þorrann, Bóndadag ofl. Á öllum deildum er sett orð á allar athafnir og málörvun markviss notuð. Notuð eru ýmis konar spil, samverustundir notaðar fyrir málörvun svo sem syngja lesa loðtöflusögur. Lubbastundir og vináttustundir. Fataherbergið er notað og sett orð á athafnir. Hver deild bjó til rafbækur í spjaldrölvunni og notaði appið, Book Creator við það. Í þessum bókum voru teknir fyrir allir læsisþættir og voru bækurnar mismunandi eftir aldri
--	-------------------------------	--



			barnanna. Bækurnar voru tilbúnar og átti að kynna þær í Hörpu á Barnamenningarhátðinni í maí en vegna veikinda starfsfólks varð ekki af því. Veikleikar: Það tekur tíma að koma fólki inn í okkar hugmyndafræði og áherslur leikskólans þar sem er alltaf endurnýjun á starfsfólki á haustin og illa gengur að manna með fagfólki þar sem það er ekki til.
Samskipti	Stjórnendur lögðu fyrir deildarstjóra og alla starfsmenn átta spurningar og teknir voru fyrir allir þættir Á Fagfundi í febrúar 2021 var síðan unnið úr spurningunum og matið rætt, hvað væri gott og hvað mætti betur fara.	Deildarstjórar	Við vinnum markvisst með jákvæða hegðun. Við erum að hvetja börnin til þess að nota orðin sín og segja stopp í staðinn fyrir að meiða. Kenna þeim að leysa málin. Notuð eru jákvæð og góð samskipti við börnin. Við leggjum áherslu á virðingu. Við upplýsum foreldra reglulega um stöðu barnsins í leikskólanum í foreldraviðtölum og með reglulegum samskiptum og fréttabréfum.



			Það var ánægjulegt að það kom fram í foreldraviðtölum að foreldrar eru ánægðir með starfið okkar í leikskólanum.
			Veikleikar: Samskipti hafa verið minni en venjulega í vetur við foreldra vegna Covid og foreldrar lítið fengið að koma inn í hús í vetur og hefur það litað samskiptin.

Fara átti fram endurmat á innra starfi leikskólans í maí 2021 en það varð ekki af því vegna veikindanna.

2 Ytra mat

Á hverju ári er gerð viðhorfskönnun til starfsmanna. Hún er gerð á vegum skóla og frístundasviðs. Könnunin var rafræn og meginhluti starfsfólks 26 starfsmenn tóku þátt. Ekki er hægt að rekja niðurstöður hennar.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)



	Gerð könnun spurningarlisti meðal starfsmanna	Starfsmenn leikskólans	Jörfi er að koma mjög vel í meðaltali við alla leikskóla í Reykjavík. Árangursríkir stjórnunarhættir komu mjög vel út og voru á pari miðað við í fyrra. Líðan í starfi kom vel út. Hvetjandi starfsumhverfi, hækkun á milli ára. Neðangreindir þættir mættu vera betri. • Stöðugleiki starfsmanna, Hæfilegt vinnuálag • Of mikið að gera. • Vinna á miklum hraða. Veikleikar • Eitt tilfelli af einelti • Eitt tilfelli af áreiti í orðum.
	Gerð könnun spurningarlisti fyrir foreldra vorið 2021	Foreldrar barna í Jörfa	Foreldrakönnunin kom vel út. Það kom fram að börnunum líður vel í



			skólanum. Vingjarnlegt andrúmsloft. Skólanum vel stjórnað. En það kom einnig fram að starfsmenn og stjórnendur mættu vera sýnilegri sem var auðvitað ástæða fyrir.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Að hverju er stefnt? Vinna áfram markvisst með Læsi, Skapandi starf og Hreyfingu.	Hvernig framkvæmum við það? Við vinnum með Skapandi starf og hreyfingu í Hringekju 2x í viku. Læsi tengist öllu starfi á leikskólanum. Fara í vettvangsferðir og lesa í nánasta umhverfi. Vinna með Lubba og Vináttuverkefnið. Varðandi hreyfingu þá réðum inn Íþróttakennara sem verkefnastjóra. Hann stýrir Hreyfihópum úti og inni þvert á allar deildir. Við fengum fyrirlestur um Skapandi starf í sept. og munum aftur fá sama fyrirlesara til þess að vinna áfram með okkur með Opinn efnivið.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir? Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Haut 2021	Vor 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Börnin teikna sjálfsmynd að vori og að hausti og er það sett í Ferilmöppu. Taka hreyfistundir upp á myndband og fylgjast með þróun hjá börnum sem eru ekki með góða hreyfifærni. Hlustunarskilningur. Endursegja sögu. Prófa málhljóðin í sögu- og söngstund. Framsögn og leikræn tjáning.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hvað læsi er í daglegu starfi. Örva börnin í að syngja meira og læra flókna texta. Markmiðið að nota meira opinn efnivið. Fylgst sé með fin- og grófhreyfingum allra barnanna. Verkefnastjóri Hreyfingar haldi utan um skráningar um árangur hjá hverju og einu barni. Hópstjórar hreyfingar vinna með Verkefnastjóra.
Uppeldis- og menntastarf							



	Vinna markvisst af þeim þáttum sem við höfum nú þegar lagt fram; læsi, hreyfing sköpun.	Sköpun: efla sköpun með því að fá inn utanaðkomandi fræðslu og fyrirlestra að hausti og að vori. Búa til einhverskonar vagn þar sem við söfnum saman öllu því sem heitir verðlaust efni til að nota í opinn efnivið. Nýta mannauðinn og vera með hópstjóra í Hringekju – myndlist. Elstu börnin fara í Myndlistarskóla Reykjavíkur á haustönn. Nýta okkur það sem börnin læra þar og miðla þekkingu. Hreyfing: Réðum inn verkefnastjóra í íþróttum. Efla útistarf og	Allir starfsmenn leikskólans.	Haust '21	Vor '22	Endurmat verður gert í janúar og aftur í maí.	Við viljum sjá þróun hjá börnum og starfsfólki. Efla gleði í leikskólanum.
--	---	---	--------------------------------------	------------------	----------------	--	---



	kennslu fyrir alla aldurshópa og teljum að það sé mikilvæg viðbót við núverandi starf leikskólans. Læsi: Vinna markvissara með alla læsisþættina og tengja þá inn í allt starf leikskólans. Gera starfsfólk meðvitaðra hvaða læsiþættir tengjast því sem þau eru að vinna með. Vinna áfram með Book Creator, rafbækur, og tengja það við læsi. Verkefnið tengist Menntastefnu Reykjavíkur og heitir „Klókir krakkar læra og lesa í lífið sjálft“					
--	---	--	--	--	--	--



Mannauður/ Leikskólabragur							
		Við nýtum allan mannauð eins og hægt er. Við erum dugleg að deila verkefnum og viljum að allir fái að njóta sín. Nokkrir starfsmenn í Jörfa eru í námi með vinnu sem er að skila sér í metnaðarfullra starfi. Okkar markmið er að gera leikskólann okkar enn betri og stefnum við að því að byrja á því verkefni í desember/jan.	Stjórnendur leikskólans.	Haust 2021	Vor 2022	Kynningarfundur með starfsfólki í nóvember og kynna „Betri leikskóli“.	Að gera leikskólann okkar að betri leikskóla og eftirsóttan vinnustað. Og nýta allan mannauð.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022



3 Innra mat deildar Holt

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Að hverju er stefnt? Að börnin öðlist færni til að efla forvitni sína, skapandi og gagnrýna hugsun. Einnig að efla þekkingu sína. Að börnin læri að leika með opinn efnivið.	Hvernig framkvæmum við það? Að skapandi efniviður verði aðgengilegur og í boði reglulega. Það ýtir undir leik og sköpun, bæði í Hringekju, hópastarfi og í frjálsum leik.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir? Hópstjórar og allir starfsmenn.	Haust '21	Vor '22	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Á deildarfundum.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði? Framkvæði og leikni með fjölbreyttum áskorunum og að börnin njóti sín í leik með opinn efnivið. Með gleði og jákvæði.
Hreyfing	Markvissar hreyfistundir úti og inni. Auk þess að læra hreyfileiki og dans.	Í hringekju og íþróttakennari tekur út af deildum.	Deildarstjóri Verkefnastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Könnun rýnihópur Taka upp hreyfistund	Börnin verða öruggari í hreyfingu og meðvitaðri um



							líkama sinn. Virk og ánægð börn.
Læsi	Vinna með læsi í hefðbundnum skilningi. Auka orðaforða, þjálfu hlustun og einbeitingu. Efla sköpun og hugmyndaflug barnanna. Lestrarstundir á hverjum degi.	Vinna markvisst með læsi. Vinna áfram með Lubba, þulur og framsögn. Hafa bókaorm. Hafa bækur aðgengilegar.	Deildarstjórar og starfsmenn.	Haust 21	Á alltaf við.	Rýnt í árangur á deildarfundum.	Að allir séu meðvitaðir um hvað er læsi í daglegu starfi á deild.



Innra mat deildar Laut

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hreyfing	Markvissar hreyfistundir úti og inni.	Í hringekja, hreyfisvæði, útivera, óvissuferði, gönguferðir. Íþróttakenari er með markvissar hreyfistundir	Að geta framkvæmt með kennslu og umsjón fagaðila til að byrja með.	Haust 2021-21	. Vor 2022	Taka upp og taka myndir, Trash próf, stöðluð hreyfifærni próf 2x á ári.	Fylgjast með þróun á hreyfingum í samræmi við aldur. Fylgjast bæði með fín- og grófhreyfingum.
Skapandi starf	Við ætlum að ýta undir skapandi hvegðun hjá	Við ætlum að nýta meiri efnivið sem er til í Listasmiðjun, nota	Allir starfsmenn á deildinni taka jafna ábyrgð.			Ferilmöppur. Fylgjumst með hvernig skapandi starf þróast.	Fylgjast með hvort að börnin taki meiri frumkvæði í sköpun og þurfa minni



	börnunu m, fara eftir þeirra áhugasvi ði.	meiri opinn efnivið og skapandi starf. Framkv. í Hringekju og inni á deild.					leiðbeininga r frá kennara.
Læsi	Auka málakilni ng og orðaforði a.	Samverur, Lubbastun dir, lesa fyrir börnin, hlusta á sögur. Nota loðtöflusög ur. Setja orð á allar athafnir.	Allir starfsme nn á deildinni.	Haut 2021	Vor20 22	Spyrja þau út í sögu og bera saman hvernig skilningurin n var í fyrri og seinna skiptið.	Með endurteknin gu eiga börnin auðveldara að fylgja söguþræðin um og málakilningu r og orðaforði eykst.



Innra mat deilda Hlíð

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hreyfing	Að við notum miklar hreyfingar inni á deild og á hreyfisvæði og í útiveru. Að börnin efli færni í grófhreyfingum, jafnvægi og líkamsvitund.	Morgunleikfimi 2-3x inni á deild. Þetta verður hluti af morgunsamvegunni. Það verður Hringekja 2x í viku þar sem verður hópur í útinámi.	Allir á deild og Verkefnastjóri hreyfingar.	Haut 2021	Vor 2022	Skráning, tekningar myndir.	Börnin verða öruggari í hreyfingu og meðvitaðri um líkama sinn.
Skapandi starf	Farið í vettvangsferðir og	Hugmyndavinnu barnanna. Þau vinna á	Allir inni á deild bera ábyrgð.	Haut	Vor 2022	Taka myndir og skrá niður.	Að börnin læri um allskonar



	unnið út frá upplifun þeirra með opnum efnivið. Ævintýri, sköpun, teikna myndir og búa til sögur. Allaf unnið með þema mánaðarins .	sínum forsendum. það verður alltaf unnið áfram eftir vettvangsferði rnar í skapandi starfi. Hvað sem þau vilja gera út frá þeirra eigin upplifun. Eftir hádegi á þriðjudögum og fimmtudögum verður unnið með sköpun.	Allir inni á deild framkvæ ma.	202 1			efnivið sem hægt er að nota í sköpun. Að vera hugmyndar íkur og koma lærdómnu m á blað.
Læsi	Að börnin þekki öll íslensku máhljóðin. þekkja allar tölurnar, þekkja tilfinningar, geta lesið í aðstæður, geta tjáð sig og kynnast bókunum í Talnalandi.	Með því að hafa lestrarstundir, Lubbastundir, Vinastundir, Stærðfræðistu ndir og söngstundir. Læra þulur og vísur, ríma, læra söngtexta.	Deildarstj óri og allir inni á deild.	Hau s 202 1	Vor 202 2	Skráningu og myndir.	Að börnin séu læs á lífið.



Innra mat Lundur

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hreyfing	Markvissar hreyfistundir úti og inni. Efla grófhreyfiþroska, kenna börnunum barnadansa.	Í hringekju og í útiveru með íþróttakenara. Danshópar.	Deildarstjóri og Verkefnastjóri	Haut 2021	. Vor 2022		Börnir eflast líkamlega og verða öruggari. Danshópar, sýning í sal.
Skapandi starf	Að börnin fái að skapa og frjóvga ímyndunaraflíð og tjá sig með sköpun. Festa sköpun í öllu starfi deildarinnar.	Að nota opinn efnivið og hafa hann aðgengilegan. Bæta við verðlausu efni, sækja verðlaust	Deildarstjóri og hópstjóri í sköpun.	Haut 2021	Vor 2022	Metið á deildarfundum.	Að börnin komist í flæði, sjálfsprottinn leikur verði gæðastund.



		efni út í náttúruna. Fara með hópa markvisst í Listasmiðju . Skipta börnunum í fámenna hópa.					
Læsi	Að auka orðaforða, þjálfhustun og einbeitingu, koma fram fyrir hópinn. Þjálfhustun hljóðkerfisvitund.	Vinna markvisst með Lubba. Gæða lesstundir, samræðu lestur í minni hópum gefa börnunum tækifæri til að tjá sig. Kenna börnunum þulur og rím og klappa atkvæði.	Deildarstj. og starfsmenn	Haust2021	Vor2022	Meta á deildarfundum. Tras.	Börnin geti komið fram fyrir hópinn og tjáð sig. Að læsi verði hluti af leiknum.



Innra mat deildar Sel

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hreyfing	Markvissar hreyfistundi rúti og inni. Hreyfileikir og dans. Fara í vettvangsferðir	Í hringekju og íþróttakennari tekur út af deildum. SamverustunDIR nýttar í hreyfingu.	Deildarstjóri Verkefnastjóri	Haust 2021 21	Vor 2022 2	Taka myndir og Tras próf og hreyfifærniþróf 1x á ári.	BörnIN verða öruggari í hreyfingu og meðvitaðri um líkama sinn fylgjast með
Skapandi starf	Árstíðarþema, markvisst hópastarf. Vettvangsferðir og að börnin kynnist að	Framkvæmt í Hringekju og inni á deild og nýta meira Listasmiðju og	Hópstjóri og deildin.	Haust 2021	Vor 2022 2	Safna gögnum, myndir og myndbönd og ferilmöppur.	BörnIN njóti sín í skapandi starfi og kynnist ólíkum efniviði.



	vinna með opinn efnivið.	verðlausan efnivið.					
Læsi	Unnið markvisst með Lubba, auka málakilning og orðaforða og lestur daglega.	Lesið í tveimur hópum, sungid, hlustað á sögur, setja orð á allar athafnir og nota rím og klappa atkvæði og læra Lubbatákn.	Hópstjóri og allir á deildinni.	Haust 2021	Vor 202 2	Spyrja þau út í sögur.	Málakilnin gur og orðaforði eykst.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var skipulögð í samráði við sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Einstaklingsáætlanir eru útbúnaðar í samráði við teymi hvers barns og unnið markvisst eftir þeim. Unnið er eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Skráningar sem nýttar eru í sérkennslu eru AEPS, AHA, ABA, WBMAPP
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS, TRAS, Hljóm-2
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni valin í samráði við sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð og það námsefni nýtt sem nýttist í þjálfun.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti	Bæta samskipti við deildarnar	Meira samstarf og betri upplýsingagjöf til starfsfólks deildanna.	Sérkennslu- stjóri	Haust 2021	Vor 2021	Með daglegum samskiptum við starfsfólk deildanna og reglulegum deildarfundum	Þegar starfsfólk á deildunum er öruggara í samskiptum við sérkennslu

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það eru keypt kennslugögn og launakostnaður vegna starfsmanns.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Reynt hefur verið á öllum deildum að vinna Á öllum deildum með orðaforða
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lesnar eru bækur í samverustund og börnin spurð út úr til þess að kanna skilning.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það eru gerðar einstaklingsáætlanir og þeim er fylgt eftir af sérkennslustjóra. Börnin eru tekin í vinnustundir ásamt því að gefa 10 sem deildirnar sinna.

Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Notað er Hljóm próf fyrir elstu börnin. Börnin standa upp framan hóp og tjá sig bæði með söng og tali. Lubbi er notaður á öllum deildum og nýr stafur lagður inn reglulega. Lesið er daglega fyrir börnin .
--	---

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Vinna markvisst með málörvun. Gera hæfnismat.	Búa til áætlun fyrir hvert barn.	Sérkennslustjórnari, tengiliður Fjölmenninga og allir starfsmenn á deildum.	Haut 2021	Vor 2022	Með því að nýta okkur Hæfnisramma að hausti og svo aftur að vori	Að börnin eflist í Tjáningarfærni, Hlustun, Hljóðkerfisvitund og Læsi.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á tímabilinu janúar – febrúar 2021. Viðtölin voru boðuð með fyrirvara og fóru fram á skrifstofu Leikskólastjóra. Áhersla var lögð á að ræða líðan starfsmanns í starfi, starfsandann, vinnuumhverfið, verkefnin, starfsþróun og hvort starfsmaður vill gera breytingar innan veggja leikskólans. Flest allir starfsmenn voru ánægðir í starfi og með starfsandann. Starfsfólk hafði orð á því að þeim fannst faglega starfið innan leikskólans mjög gott og metnaðarfullt.

Fræðsla

- Við vorum með námskeið í skyndihjálp fyrir alla starfsmann í september
- Við fengum til okkar sálfræðing og markþjálfar með fyrirlestur um samskipti í mars.
- Deildarstjórar voru með fag og fræðslufund í mars.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Samstarf við Breiðagerðisskóla er reglulegt og farið er í gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn.
- Elsti árgangur leikskólans fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla í byrjun september, hitta skólastjórnendur og skoða skólann.
- Í september fara elstu börnin í leikstund í fyrsta bekk.
- Í október fara nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í sína gömlu leikskóla í hverfinu.
- Grunnskólabörnin úr 7.bekk koma í heimsókn og lesa fyrir börnin í leikskólanum á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember.
- Í desember heimsækja elstu börn leikskólans bókasafnið í Breiðagerðisskóla.
- Mars/apríl fara elstu börn leikskólans í kennslustund með kennurum fyrsta bekkjar.
- Í maí fara leikskólabörnin í heimsókn í Breiðagerðisskóla og hitta skólastjórnendur sem leiða þau í gegnum skólann.

Skólastjóri kemur á skilafund í leikskólann með stjórnendum í júní og fær upplýsingar um skólaskil með elstu börnunum.



Samstarf 2021-2022

Jörfi – Breiðagerðisskóli - Sólbúar

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
Okt. til des. Kl. 13.00-14.30	Elstu börnin fara í Myndlistarskólann í Reykjavík	Myndlistarskólinn í Reykjavík	Deildarstjóri og kennari í Myndlistarskólanum
September	Elsti árgangur Jörfa fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur í Breiðagerðisskóla
September	Elsti árgangur Jörfa fer í leikstund í Breiðagerðisskóla.	Breiðagerðisskóli	Kennarar beggja skólastiga
Október	Nemendur í fyrsta bekk heimsækja leikskólann	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga
Október	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
Nóvember	Nemendur úr 7. bekk lesa fyrir börnin í Jörfa	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga.
Desember	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafnið í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
apríl	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
Mars	Leikskólabörn fara í kennslustund í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.



7 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna

Síðastliðið skólaár hafa fulltrúar í foreldraráði verið þrír og sátu tveir áfram og einn nýr kom inn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og skóla-og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Samstarf við foreldra hefur ekki verið með eðlilegum hætti sl.tvö ár. vegna covid. Ekki hafa verið haldnir foreldrafundir inni í húsi og samskipti við foreldra var með öðrum hætti. Boðið var upp á foreldraviðtöl í gegnum síma eða á zoom en ekki margir sem þáðu það.

Foreldrafundir/námskynning er einu sinni á ári á hverri deild í september/október. Þá er námsefni vetrarins og annað starf á viðkomandi deild kynnt fyrir foreldrum (var ekki 2020)

- ✓ Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur yfirleitt eru þau haldin á haustönn og vorönn. Þar er rætt um leikskólagöngu barnsins og fleira (það var boðið upp á símaviðtöl og zoom)
- ✓ Foreldrafélag Jörfa hefur haldið aðalfund að hausti til þar sem kosnir eru fulltrúar í félagið. Foreldrafélagið er mjög virkt og það stendur fyrir alls konar uppákomum fyrir börnin t.d. leiksýningum, sveitferð, jólaballi, sumarhátíð ofl.(var ekki 2020)

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2021-2022

Skipulagsdagar í Jörfa eru sex og verða þeir:

- 24. september,
- 19.nóvember (sameiginlegur með Breiðó),
- 24. janúar (sameiginlegur með Breiðó)
- 22.mars (sameiginlegur með Breiðó)
- 20.og 22. apríl, Fyrirhuguð námsferð starfsmanna til Brighton



8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

8.2 Fylgiskjal 4 - Skóladagatal

8.3 Fylgiskjal 5 - Endurmat

Dagsetning 4,nóvember 2021

F. h. leikskólans Jörfa
Bergljót Jóhannsdóttir
Leikskólastjóri



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Starfsáætlun 2021– 2022

Leikskólinn Jörfi

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Fanney Frímannsdóttir

Hulda Sigmarsdóttir

Unnur Eir

I.
Inngangur

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun og umbótaáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2021-2022.

II.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans er ánægt með starfsáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2021-2022. Að mati ráðsins sýnir áætlunin merki um metnaðarfulla, skynsamlega og faglega vinnu.

Unnið verður áfram með læsi, skapandi starf og hreyfingu. Starfsáætlunin lýsir starfsemi leikskólans vel og þeim markmiðum, áherslum og leiðum sem unnið er eftir.

Ánægjulegt er að sjá að enn bætir í ráðningar starfsmanna með hverju árinu, fleiri karlmenn bætast við hópinn og fyrirmyndirnar verða fjölbreyttari. Starfsmannavelta hefur minnkað enn frekar og er það vel. Stjórnendum leikskólans hefur tekist að nýta mannauðinn á frábæran hátt og tekur starfáætlun fyrir næsta ár mið af því. Ánægjulegt er að sjá ráðningu á sérkennslustjóra og íþróttافرæðingi, og mun það efla faglegt starf enn frekar. Faglega starfið er því áfram á hraðri uppleið og starfáætlunin fyrir árið 2021 -2022 ber þess merki að enn frekar eigi að gefa í og er það vel.

Mikil ánægja hefur verið með Vináttuverkefnið sem hefur verið unnið með á leikskólanum og er foreldraráðið ánægt með að halda eigi áfram með þá góðu vinnu. Vorum við sammála um að verkefnið hafi skilað sér í betri samskiptum barnanna og sé af sama skapi að skila sér heim til foreldra og systkina.

Áherslan sem skólinn ætlar að leggja á læsi er spennandi og virkilega jákvæð. Nú þegar er byrjað að vinna með Lubbann (Lubbi finnur málbein) á öllum deildum, mikið unnið með stafina og hljóðin og markvisst unnið að því að auka orðaforða. Þá er tónlistarstarf innan leikskólans til fyrirmyndar, mikið sungið, fjölbreytt lög og vikulegir söngfundir þar sem öll börnin á leikskólanum koma saman og syngja undir gítarleik eins kennarans.

Á árinu á að vinna með skapandi starf og opin efnivið, er það mjög áhugavert og eflir hugmyndaflug barnanna, það verður spennandi að sjá afraksturinn af því starfi í vor. Einnig er ánægjulegt að skólahópurinn mun halda áfram starfi í Myndlistaskóla Reykjavíkur og fer þangað í spennandi vettvangsferðir með strætó.

Áhersla á hreyfingu er spennandi viðbót í starf leikskólans og ráðning íþróttافرæðings stórt skref í að ná markmiðum sem þar eru sett, spennandi verður að sjá afraksturinn í vor.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með samstarf leikskólans við Breiðagerðisskóla og endurspeglar það góða starf í starfsáætluninni en þar kemur fram nákvæmlega hvernig samstarfinu verður háttað. Góð samvinna er með skólahóp leikskólans og fá börnin góða aðlögun að skólanum.

Foreldraráð hvetur til þess að starfsdagar skólanna séu samræmdir sem mest, sérstaklega vetrarfrí þar sem Breiðagerðisskóli er í löngu frí og gott væri að leikskólinn myndi fylgja þessum frídögum líka. Fjölmargar fjölskyldur eru með börn á báðum stöðum og það er erfitt fyrir foreldra að standa undir öllum þeim starfsdögum og fríum ef einungis 2 dagar eru samræmdir.

Foreldraráð var mjög ánægt með hvernig til tókst þegar deildum var aldursskip á síðasta skólaári, en skilur þá aðstöðu sem leikskólinn að þurfa að blanda elstu deildunum saman ójafnvægis milli fjölda barna í hverjum árgangi.

III. Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð að áætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem fram fer inn á leikskólanum. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hvernig faglega starfið á leikskólanum færir í aukana og undirritaðar binda mikið traust við stjórnendur skólans sem hafa góð stjórn á málum sem skilar sér í aukinni ánægju starfsfólks. Foreldraráð er ánægt með að stöðugleiki í starfsmannamálum er að nást og ánægjulegt að fleiri fagmenntaðir fái til starfa þrátt fyrir mikinn skort á menntuðum leikskólakennurum, en það er hluti af mun stærra vandamáli sem stjórnendur skólans hafa ekki tök á að leysa.

Reykjavík, 2. nóvember 2021

Foreldraráð Jörfa,

Fanney Frímannsdóttir

Hulda Sigmarsdóttir

Unnur Eir

Endurmat fyrir fagfund föstudaginn 5.mars 2021 Deildarstjórar

Við viljum biðja ykkur að svara spurningum sem eru hér að neðan. Á fundinum fær hver deildarstjóri 10-15 mínútur til þess að segja okkur hinum frá hvernig unnið er með eftirfarandi þætti inni á sinni deild.

Spurningar.

1. Hvað eruð þið að gera til þess að efla málþroskann/málörvun hjá börnunum?
2. Hvernig vinnið þið með læsi inni á deild?
 - a) Tilfinningalæsi
 - b) Umhverfislæsi
 - c) Talnalæsi
 - d) Félagslegt læsi
 - e) Menningarlæsi

Segið örstutt frá því hvernig þið vinnið með hvern þátt.

3. Er deildin að vinna með „Lubbi finnur málbein“ og þá hvernig ?
4. Er deildin er vinna með Vináttuverkefnið og þá hvernig?
5. Hvernig er lestrarstundum háttað?
Einn hópur? tveir hópar?
Hvernig er bókavalið?
 - a) Er það þematengt ?
 - b) tengt verkefnum sem verið er að vinna með?
 - c) Er það tengt árstíðum?
 - c) Noti þið Sögupokana?
6. a) Er Lubbi sýnilegur í öllum rýmum og þá hvernig?
b) Er ritmál sýnilegt uppi á veggjum og þá hvernig?

7. Er verið að vinna með Einingarkubbana á markvissan hátt og þá hvernig?
- a) Er kennari á svæðinu sem spyr opinna spurninga og leiðbeinir?
 - b) Eru reglulega teknar myndir af kubbastarfinu.
 - c) Hvernig gengur frágangur fyrir sig?
8. Samskipti. *Hvernig ganga samskiptin?*
- a) Milli barna
 - b) Milli barna og starfsmanna
 - c) Milli starfsmanna og foreldra
 - d) Milli starfsmanna

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ													
1	S		1	M		1	F		1	M	Foreldraviðtöl Sel	1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ	Sprengidagur	1	F		1	S	Verkalýðsdagurinn	1	M		
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ	Foreldraviðtöl Sel	2	F	Piparkökumálun	2	S		2	M		2	M	Öskudagur	2	L		2	M		2	F	Grænn dagur	
3	Þ		3	F		3	S		3	M	Foreldraviðtöl Laut	3	F		3	M		3	F		3	F		3	S		3	Þ		3	F		
4	M		4	L		4	M		4	F	Foreldraviðtöl Laut	4	L		4	Þ		4	F		4	F		4	M		4	M		4	L		
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ		5	F		5	S	Hvítasunnudagur	
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M	Jólasmiðja Yngri	6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M		6	F	Búningadagur	6	M	Annar í Hvítasunnu	
7	L		7	Þ		7	F		7	S		7	Þ	Jólasmiðja Yngri	7	F		7	M		7	M		7	F		7	L		7	Þ	Þröttavika	
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F	Búningadagur	8	M	Foreldraviðtöl Holt	8	M	Jólasmiðja eldri	8	L		8	Þ		8	Þ		8	F		8	S		8	M		
9	M		9	F		9	L		9	Þ	Foreldraviðtöl Holt	9	F	Jólasmiðja eldri	9	S		9	M		9	M		9	L		9	M		9	F		
10	Þ	Leikskólinn opnar	10	F		10	S		10	M		10	F		10	M		10	F		10	F		10	S	Pálmásunnudagur	10	Þ		10	F		
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F		11	F	Rugldagur	11	M		11	M	Opið hús	11	L		
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F		12	S	Sjómannadagurinn	
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	M		13	F		13	M		
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ	Jólaball yngri	14	F		14	M		14	M	Foreldraviðtöl Hlíð	14	F	Skírdagur	14	L		14	Þ		
15	S		15	M		15	F	Bleikur dagur	15	M		15	M	Jólaball eldri	15	L		15	Þ		15	Þ	Foreldraviðtöl Hlíð	15	F	Föstudagurinn langi	15	S		15	M		
16	M		16	F	Dagur ísl.náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M		16	M	Foreldraviðtöl Lundur	16	L		16	M		16	F	Skrúðganga	
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F	Rauður dagur	17	M		17	F		17	F	Foreldraviðtöl Lundur	17	S	Páskadagur	17	Þ		17	F	Lýðveldisdagurinn	
18	M		18	L		18	M		18	F	Ömmu og afa kaffi	18	L		18	Þ		18	F		18	F		18	M	Annar í páskum	18	M		18	L		
19	F		19	S		19	Þ		19	F	Skipulagsdagur	19	S		19	M		19	L		19	L		19	Þ	Blár dagur	19	F		19	S		
20	F		20	M		20	M		20	L		20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M	Skipulagsdagur	20	F		20	M		
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ		21	F	Bóndadagur	21	M		21	M	Foreldraviðtöl Sel	21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L		21	Þ		
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ	Skipulagsdagur	22	F	Skipulagsdagur	22	S		22	M		
23	M	Aðlögun milli deilda	23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M	Foreldraviðtöl Sel	23	L		23	M		23	F		
24	Þ		24	F	Skipulagsdagur	24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M	Skipulagsdagur	24	F		24	F	Foreldraviðtöl Laut	24	S		24	Þ		24	F		
25	M		25	L		25	M	Foreldraviðtöl Hlíð	25	F	Röndóttur dagur	25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F	Foreldraviðtöl Laut	25	M		25	M		25	L		
26	F		26	S		26	Þ	Foreldraviðtöl Hlíð	26	F		26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur	26	S		
27	F		27	M		27	M	Bangsad./Náttfataball	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M		27	F		27	M		
28	L		28	Þ	Vetrarstarf kynning	28	F	Foreldraviðtöl Lundur	28	S		28	Þ		28	F		28	M	Bolludagur	28	M	Foreldraviðtöl Holt	28	F		28	L		28	Þ		
29	S		29	M	Vetrarstarf kynning	29	F	Foreldrafundur Lundur	29	M		29	M		29	L					29	Þ	Foreldraviðtöl Holt	29	F		29	S		29	M		
30	M	Aðlögun nýrra barna	30	F	Meistarastarf kynning	30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M	Gulur dagur	30	L		30	M		30	F		
31	Þ					31	S					31	F	Gamlársdagur	31	M							31	F				31	Þ	Útskrif meistara			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.